Verkalýðsblaðið

1. tbl. 14. árg. Janúar 1985 Ábm. Ari T. Guðmundsson

Landsbókasafnið

Fjórir þættir til stefnumótunar kommúnista

LANDSBÓKASAFN
420084
ÍSLAND

1. Inngangur

Kommúnistasamtökin urðu til við samruna Einingarsamtaka kommúnista (marx-lenínista) og Kommúnistaflokks Íslands (marxista-lenínista) upp úr 1980. Starf þeirra hefur einkennst af samdrætti og tilraunum til endurmats á þeirri heildarstefnu sem íslenskir marx-lenínistar (oft kallaðir maóistar) höfðu á 8. áratugnum.

Á árinu 1984 er starfandi lítill hópur kommúnista innan KS, bundinn við Reykjavík. Markmið hans hefur verið nám í marxisma og umræður um stefnu og starfshætti. Undanfarin 2 — 3 ár hefur lítið til hans sést opinberlega en hann hefur engu að síður hist reglulega.

Samtökin hafa lagt aðaláherslu á að fjalla um efni fyrir útgáfu bókar eða greinasafns um meginþætti sósíalisma og kommúnisma, og sér brátt fyrir enda þeirrar vinnu. Samtímis ákvað aðalfundur samtakanna 1983 að samið skyldi uppkast að sameiginlegri grundvallarstefnu félaganna er tæki m.a. til almennrar pólitískrar stefnu kommúnista, sósíalískrar stjórnlistar og ýmissa atriða kommúnísks starfs. Á fyrri aðalfundi KS voru fyrstu drög samþykktarinnar rædd og afgreidd til nefndar sem hefur unnið að endanlegu uppkasti um nokkurra mánaða skeið. Afraksturinn fer hér á eftir, eins og síðari aðalfundur samtakanna afgreiddi hann haustið 1984.

Markmiðið með útgáfu samþykktarinnar er tvíþætt. Í einn stað vilja samtökin setja fram sjónarmið sín um sósíalisma á Íslandi til þess að endurvekja hugmyndabaráttu meðal vinstri manna. Í annan stað vilja þau leggja fram sinn skerf til þess að halda á lofti byltingarsinnaðri stefnu á tímum undanhalds eins og verið hefur um skeið og ítreka nauðsynina á nýjum kommúnískum verkalýðsflokki.

Ýmis ný viðhorf koma fram í samþykktinni og víða er áhersla aukin á atriði sem ekki hefur verið hugað að sem skyldi. Auðvitað eru félagar samtakanna í vafa um réttmæti margra stefnuatriða og ekki er eining þeirra á meðal um þau öll. Og samtökin ítreka ennfremur þá staðreynd, að hér fer ekki fullburða stefnuskrá pólitískra baráttusamtaka.

Segja má að meginatriðið sem tengir alla kafla samþykktarinnar sé **lýðræði**; stéttarvitund, virkni og samvinna fjöldans á öllum stigum sósíalískrar baráttu. Röng fjöldastefna og gallað lýðræði eiga stóran þátt í öfugþróun hreyfinga og ríkja sem kennt hafa sig við sósíalisma og kommúnisma.

Til lesenda

Kommúnistasamtökin hafa áhuga á að fá álit þitt á þessari samþykkt. Án viðbragða frá lesendum eiga samtökin erfitt með að bæta úr ágöllum stefnu sinnar, gera góða þætti betri eða hefja stefnumótun á fleiri sviðum. Þú getur komið skoðunum þínum á framfæri með ýmsu móti: Skrifað KS (Pósthólf 5186, 125 Rvk), hringt í forystumenn KS, skrifað í blöð og tímarit eða hitt fulltrúa samtakanna að máli.

Samtökin biðja þig einnig um aðstoð við að dreifa samþykktinni til sem flestra. Þú getur fengið send aukaeintök, þér að kostnaðarlausu.

Stjórn Kommúnistasamtakanna

2. Stéttir og stéttabarátta í auðvaldsþjóðfélagi

2.1 Grundvöllur stéttgreiningar

Við stéttgreiningu hafa marx-leninistar fram að þessu lagt megináherslu á efnislegar forsendur stéttaskiptingar, en gert minna úr því hvernig stéttir myndast og þróast í samfélagi manna.

Þannig hefur meginatriðið í stéttgreiningu þeirra verið sú skoðun að stéttir séu stórir mælanlegir hópar sem markast af afstöðu til framleiðslutækjanna og af samfélagslegri verkaskiptingu (sbr. Lenín: A Great Beginning. **Coll. Works 29**, bls. 421, Moskva 1956).

Í raun er þetta aðeins grundvöllur stéttaskiptingar, sem segir til um hvaða efnislegu forsendur liggja að baki félagslegum hræringum. En í marxískum skilningi verður að skilgreina þjóðfélagsstéttir nánar og taka mið af eftirfarandi skilgreiningu Karls Marx:

> **Einstaklingar mynda aðeins stétt að því marki sem þeir verða að heyja sameiginlega baráttu gegn annarri stétt; að öðru leyti heyja þeir samkeppni hver við annan.**
> (Karl Marx: **Þýska hugmyndafræðin**, bls. 58, Mál og menning, Reykjavík 1982).

2.2 Stéttarvitund er er þáttur stéttgreiningar

Stéttabaráttan, þ.e. barátta einnar stéttar gegn annarri, er afgerandi um tilvist stétta. Sú barátta getur verið ómeðvituð þátttakendum hennar.

Stéttabarátta er bæði efnahagsleg og hugmyndaleg, en í mismiklum mæli. Efnahagslegur og hugmyndalegur þáttur hennar hafa gagnvirk áhrif hvor á anna, en sá efnahagslegi setur hinum skilyrði. Stéttarvitund verður þannig til í hugmyndabaráttu sem á sér efnahagslegar forsendur.

Þjóðfélagsstétt er samfélagsferli jafnframt því að vera stór hópur einstaklinga sem afmarkast af sameiginlegri afstöðu til framleiðslutækja og samfélagslegri verkaskiptingu. Megineinkenni þessa ferlis er að stéttin breytist í sífellu úr stétt **í sér** (stétt sem er til hlutlægt en ómeðvituð um hlutverk sitt) í stétt **fyrir sig** (meðvitaða stétt). Gegn slíkri breytingu (aukinni stéttarvitund) vinna ýmis andstæð öfl eða fyrirbæri, t.d. umbætur og eftirgjafir auðstéttar gagnvart **sumum** hópum verkalýðsstéttar. Þannig er þjóðfélagsstétt ekki aðeins stærð (megind), heldur og eigind; ekki aðeins einsleitt fyrirbæri, heldur og fyrirbæri sem er breytingum undirorpið.



Karl Marx.

2.3 Hindranir í vegi stéttvísi

Margvíslegar félagslegar og hugmyndalegar andstæður draga úr eða hindra stéttvísi verkalýðsstéttarinnar. Núverandi verkalýðsflokkar eiga mikilvægan þátt í faglegri vitund verkalýðsstéttarinnar, lítilli skipulagningu hennar og varnarbaráttu, en eru samtímis hemill á frekari stéttvísi vegna þess að þeir vinna meðvitað og ómeðvitað gegn almennri virkni verkafólks í þjóðmálum og gegn sósíalískri þekkingu — byltingarvitund.

Helstu móthverfur **innan** íslenskrar verkalýðsstéttar sem hamla gegn sósíalískri stéttarvitund hennar eru: Milli faglærðra og ófaglærðra, milii höfuðborgar- og landsbyggðarverkafólks, milli andlegrar og líkamlegrar vinnu, milli sjómanna og landverkafólks, milli karla og kvenna o.s.frv.

Þá má nefna hugmyndalegar móthverfur eins og þá viðleitni margra iðnaðarmanna að gerast sjálfstæðir atvinnurekendur. Í sömu átt verkar náið samneyti verkafólks og atvinnurekenda sem algengt er á jafnsmáum vinnustöðum og hérlendis er að finna. Einnig eru yfirborganir algengar og fríðindi valdra starfsmanna hafa eflaust áhrif á viðhorf þeirra. Loks er algengt að maki taki afstöðu með þeirri stétt er „fyrirvinnan" tilheyrir.

Alþýðuflokkur og Alþýðubandalag geta nú um stundir talist einu verkalýðsflokkarnir á Íslandi vegna þess að forverar þeirra höfðu á sínum tíma forgöngu um myndun verkalýðssamtakanna, vegna stuðnings meirihluta verkalýðsforystunnar við þessa flokka og vegna þess að þeir hafa verið tæki framsækins fólks til umbótabaráttu í stjórnmálum. Meðan fagleg skipulagning er verkalýðsstéttinni nægileg til að andæfa arðráni auðstéttarinnar og tryggja sér betri kjör nær pólitísk vitund hennar í heild ekki lengra en svo að stjórnmálaflokkar hennar eru umbótasinnaðir félagshyggjuflokkar sem ekki gera kröfur um verkalýðsvöld eða sósíalisma nema í þokukenndum slagorðum í rykföllnum stefnuskrám. Þeir standa, eins og áður segir, í vegi fyrir sósíalískri vitund fjöldans og auðvelda auðstéttinni að tefla einum hluta hans gegn öðrum; deila og drottna, en tryggja um leið tilvist sína.

Afl umbótastefnunnar er einkum komið til af tvennu: Stórum og vaxandi hópi skriffinna í verkalýðshreyfingunni og sjálfu arðráninu í auðvaldsskipulaginu. Sú stefna ræður því að verkalýðshreyfingin er rekin sem stofnun starfsmanna sem hafa yfirleitt mun hærri laun en umbjóðend-

urnir, efnahagsleg völd í sjóðum og fyrirtækjum og pólitísk völd innan ramma samfélagsskipaninnar. Þessi verkalýðsaðall fjarlægist fólkið og tekur samvinnu við atvinnurekendur og ríkisvaldið fram yfir fjöldabaráttu og einhliða aðgerðir verkafólks. Samtímis á umbótastefnan greiðan aðgang að launafólki vegna þess að arðránið er falið; þ.e. fólki **virðist** það fá greitt jafnvirði verðmætanna sem það raungerir með vinnu sinni. Nauðsyn breytinga og óréttlæti arðránsins eru ekki augljósar staðreyndir; aðeins virðist þörf smábreytinga.

Frá Þingvöllum. Var goðaveldið ríkisvald höfðingjaættanna án ríkisvalds?

3. Borgaralegt lýðræði — ríkisvald

3.1 Borgaralegt lýðræði

Marx-leninistar hafa litið á borgaralegt lýðræði sem stjórnunar- og kúgunarform auðvaldsins. Í þessu felst einföldun. Borgaralegt lýðræði er vissulega stjórnarform og kúgunartæki. En jafnframt felast í því andstæður kúgunar og yfirráða, þ.e. lýðréttindi sem eru alþýðunni afar mikilvæg og hafa verið vanmetin af kommúnistum.

Til mikilvægustu lýðréttinda sem felast í borgaralegu lýðræði má telja almennan kosningarétt, samtakafrelsi, tjáningarfrelsi og réttaröryggi. En jafnframt þessum mikilvægu lýðréttindum eru innbyggðir í borgaralegt lýðræðisskipulag þættir sem beinlínis koma í veg fyrir að alþýða manna geti notað sér það til að skapa sér framtíð á eigin forsendum. Þannig er efnahagslegt vald í höndum fárra auðherra, einkum handhafa einokunarauðmagns. Pólitíska kerfið (þingræðið, flokkakerfið, kosningafyrirkomulagið), byggir á óvirkni fjöldans. Skoðanamyndun (þ.e. fjölmiðlun, skólum o.fl.) er stjórnað af stórauðmagninu og ríkisvaldi sem þjónar því, en réttargæslan miðar oft frekar að verndun eigna en manna og mannréttinda.

Kommúnistar verða að verja borgaraleg lýðréttindi í auðvaldsskipulaginu og berjast fyrir þeim. En jafnframt verða þeir að geta afhjúpað og útskýrt það tvíeðli þingræðis og borgaralegs lýðræðis að í því felist í senn ákaflega þýðingarmikil pólitísk réttindi alþýðu til handa en einnig og ekki síður stéttarvald og alræði borgarastéttarinnar.

3.2 Ríkisvald og ríki í auðvaldsþjóðfélagi

Ríkisvaldið er hluti af stéttarvaldi borgarastéttarinnar. Stéttarvaldið nær ennfremur m.a. til fjölmiðla, hugmyndafræði og félagslegra tengsla, að ekki sé talað um efnahagslífið. Sem hluti stéttarvalds er ríkisvaldið á öllum tímum aðferð eða möguleiki ráðandi stéttar til að halda andstæðum stéttum, hópum eða einstaklingum í skefjum, með líkamlegu ofbeldi ef annað bregst.

Ríkið (þ.e. miðstýrt kerfi stofnana, ráðuneyta, dómsvalds og lögreglu/hers) er á hverjum tíma valda**tæki** ráðandi stéttar. Skipulagning og form þessa tækis er mismunandi á hverjum tíma og breytilegt frá einu landi til annars enda markast skipan þess fyrst og fremst af sögulegri þróun stéttabaráttunnar. Íslenska goðaveldið var þannig fyrsti vísir að ríkisvaldi höfðingjaættanna án formlegs ríkis enda voru innri stéttaandstæður lítt þróaðar og ytri hætta lítil sem engin, a.m.k. í upphafi.

Söguleg þróun íslenskrar stéttabaráttu undanfarin 80—100 ár (upphaf innlends ríkisvalds má e.t.v. miða við heimastjórn 1904) hefur skilað okkur ríki sem hefur margvísleg önnur hlutverk en það eitt að verja stéttar-

drottnun auðmagnsins. Það er þó að sönnu meginhlutverk þess í þeim skilningi að það gegnsýrir alla aðra starfsemi ríkisins.

Hlutverk íslenska auðvaldsríkisins, eins og það hefur þróast, skiptist einkum í tvo meginþætti, aðra en áðurnefnt kúgunarhlutverk.

Í fyrsta lagi er það hlutverk „sameiginlegs auðherra", samtryggingar- og þjónustustofnun auðstéttarinnar. Þar eð sjálfstætt innlent ríkisvald óx nokkurn veginn samstiga auðstéttinni hefur það tekið að sér mikilvægt hlutverk í framleiðslunni sem einkakapítalinu hefur verið um megn til þessa. Hér má nefna ríkisbanka og ýmsa framkvæmdasjóði, samgöngur, orkufyrirtæki og beina þátttöku í ýmsum stærri framleiðslu- og þjónustufyrirtækjum.

Í öðru lagi hefur íslenska ríkið fengið það hlutverk að sjá fyrir félagslegri þjónustu af ýmsu tagi við þegnana. Hér má einkum nefna heilbrigðis- og tryggingakerfið, skólakerfið og samgöngukerfið (einkum í smærri afskekktum byggðarlögum). Það væri rangt að halda því fram að þessi félagslega þjónusta og kerfið sem hana veitir þjóni einvörðungu hagsmunum alþýðufólks, en hitt er engu skárri alhæfing að segja það þjóna fyrst og fremst kúgunarhlutverki. T.d. má benda á að menntun hefur ekki aðeins aukist vegna þess að auðstéttin þarf á æ menntaðra vinnuafli að halda við framleiðslu og dreifingu, heldur hefur eftirsókn og barátta alþýðunnar haft veruleg áhrif. Sama máli gegnir t.d. um almannatryggingar og heilsugæslu.

4. Verkalýðsbylting og sósíalískt samfélag

4.1 Sögulegar og samfélagslegar forsendur verkalýðsbyltingar

Stéttabarátta öreigastéttarinnar er „djúptækust" allra sögulegra athafna fram á okkar daga. Hún tekur til allra lágstétta, og er fyrsta **hreyfingin sem er í samræmi við** raunverulega **hagsmuni fjöldans, allt frá þeirri stundu er þjóðfélagið skiptist í stéttir. Því er upplýsing fjöldans hvað varðar verkefni hans og aðferðir, óhjákvæmilegt sögulegt skilyrði sósíalískra athafna, á sama hátt og vanþekking fjöldans var á fyrri tímum skilyrði athafna drottnandi stétta.**
(Rosa Luxemburg, sbr. Tony Cliff: **State Capitalism in Russia**, bls. 285, Pluto Press, 1974).

Í þessum orðum Rósu Luxemburg kemur fram ákveðin afstaða klassísks marxisma. Hún byggir á þeirri skoðun að sósíalísk bylting og uppbygging sósíalísks samfélags sé óframkvæmanleg nema þar sem kapítalískir framleiðsluhættir hafa rutt sér til rúms, með arðránsafstæðum sínum, einkaeign framleiðslutækja og fjölmennri verkalýðsstétt. Jafnframt er lögð áhersla á nauðsyn virkni fjöldans til að koma þessu ferli í kring.

Af ofansögðu og fleiru leiðir að fullyrða má að skilyrði verkalýðsbyltingar eru:

A. Upplýsing/stéttvísi fjöldans. Alþýða manna hafi nægjanlega stéttvísi til að berjast gegn hinu gamla skipulagi og taki þátt í að byggja upp nýtt sem byggist á almennri þátttöku verkalýðsins á hinum ýmsu sviðum

Rósa Luxemburg.

stjórnkerfisins.

B. Stéttarleg forysta/leiðsögn byltingarsinna. Í byltingunni er nauðsynleg forysta einbeittra byltingarsinna sem ávinna sér traust alþýðu. Annars er útilokað að samhæfa aðgerðir fjöldans og byggja upp samhæft sósíalískt þjóðskipulag.

C. Allsherjarkreppa á öllum sviðum stéttarvalds borgarastéttarinnar. Bylting verkalýðsins er því aðeins möguleg að kreppa sé á öllum sviðum hins borgaralega þjóðfélags; efnahagsleg og stjórnmálaleg kreppa. Þannig verður auðvaldsskipulagið að bregðast á efnahagssviðinu, auk þess sem borgarastéttin verður að vera ófær um að stjórna þjóðfélaginu pólitískt og alþýðan að hafa komið auga á aðrar leiðir.

Sósíalískur, marxískur byltingarflokkur getur ekki haft forystu um slíka byltingu nema öll skilyrði séu til staðar. Valdarán lítils hóps byltingarsinna í nafni fjöldans getur aldrei leitt sjálfkrafa til sósíalisma. Alþýðan verður að taka meðvitaðan þátt í uppbyggingu hins nýja samfélags. Það er ekki nóg að hún framfylgi skipunum „alviturra leiðtoga sinna."

4.2 Forsendur sósíalísks samfélags

Forsendur sósíalisma eru að ýmsu leyti aðrar en forsendur sjálfrar valdatökunnar. Þær eru helstar:

A. Viðskiptahættir vöruframleiðslu séu allsráðandi (þar með hverfandi sjálfsþurftarbúskapur, notkun peninga almenn, framleiðsluafstæður kapítalískar).

B. Almennt menntunar- og menningarstig það hátt að „ómenntaður" maður geti tileinkað sér án mikillar fyrirhafnar þá þjóðfélagslegu þekkingu sem ríkjandi stétt hefur einkum fyrir sig eða nýtir sér.

Valdataka er eitt verkefni verkalýðsfjöldans og hvorki það eina né það mikilvægasta. Til að kollvarpa stéttarvaldi auðstéttarinnar er ekki nóg að sigrast á ríkisvaldi hennar. Fyrsta verkefni sigursællar sósíalískrar samfélagsbyltingar er að taka valdatækið af arðræningjunum, að undangengu miklu stefnumótunar-, fræðslu- og skipulagningarátaki. Ef



Afskiptum ríkisvaldsins af málefnum þjóða Sovétríkjanna er sannarlega ekki lokið.

framangreindar forsendur eru fyrir hendi og valdataka hefur farið fram eru skilyrði til að hefja síðan uppbyggingu **sósíalísks samfélags.**

4.3 Frá alræði öreiganna til kommúnisma

Milli kapítalisma og lægsta stigs kommúnisma (sósíalisma skv. hefðbundinni hugtakafræði marxista) beitir verkalýðsstéttin ríkisvaldi sínu meðvitað sem stéttarvaldi á flestum sviðum þjóðlífsins — einkum með þjóðnýtingu atvinnutækja og baráttu á hugmyndafræðilega og félagslega sviðinu. Þetta er í marxískum bókmenntum kallað tímabil „alræðis öreiganna".

Í fyrsta sinn, sem ríkið gerir eitthvað á vegum þjóðfélagsheildarinnar, þ.e. slær eign sinni á framleiðslutækin í nafni hennar, innir það jafnframt af hendi síðasta hlutverk sitt sem slíkt. Afskiptum ríkisvaldsins af málefnum þjóðfélagsins verður ofaukið á hverju sviðinu á fætur öðru og það lognast út af sjálfkrafa.

(F. Engels: **Úrvalsrit Marx og Engels**, 1. bindi, bls. 119, Heimskringla, Rvík 1968).

Þegar allir standa jafnir gagnvart framleiðslutækjunum, þ.e. enginn einn einstaklingur eða hópar einstaklinga geta tileinkað sér afurðir vinnunnar á grundvelli eignar eða umráða yfir framleiðslutækjunum hætta þjóðfélagsstéttir að vera til í þeim skilningi sem nú er lagður í orðið. Þannig breytist stéttarvald öreigastéttarinnar í sjálfræði samfélagsheildarinnar; alræði öreiganna breytist í stéttlaust samfélag kommúnisma.

En hafa verður í huga að þótt þjóðfélagsstéttir (með tilliti til afstöðu til framleiðslutækja) hverfi vegna meðvitaðra athafna stéttarvalds öreiganna **er önnur grundvallarforsenda stéttskiptingar enn fyrir hendi** og verður svo um ófyrirséðan tíma. Sú er **þjóðfélagsleg verkaskipting,** s.s. milli andlegrar og líkamlegrar vinnu, sveita og bæja, kvenna og karla, svo það helsta sé nefnt. Fyrsta stig kommúnismans, sósíalisminn, er þannig stéttlaust þjóðfélag jafnframt því að fela í sér mörg einkenni fyrri stéttaþjóðfélaga. Síðara stig kommúnisma, sem á okkar tímum virðist fjarlæg staðleysa (útópía), mun hins vegar, eins og unnt er um það að spá, einkennast m.a. af því að síðastnefndu móthverfurnar hafa verið yfirunnar.

Þótt skilgreiningarnar hér að ofan á „alræði öreiganna", sósíalisma og kommúnisma séu í samræmi við hefðbundnar skilgreiningar í ritum marxista **verður að leggja meiri áherslu á þróunina** frá byltingunni til æðra stigs kommúnismans **sem samfellt ferli;** ferli, þar sem ekki er auðvelt að greina nákvæmlega hvenær þjóðfélagið færist af einu stigi yfir á annað.

4.4 Sósíalismi og „vanþróuð" þjóðfélög

Þrátt fyrir það sem áður sagði um afstöðu „klassísks" marxisma hefur það verið viðtekin hefð allt frá tíma Stalíns að segja að þjóðfélagskerfi sé sósíalískt ef iðnaður er í samfélagslegri eign (yfirleitt ríkiseign) og landbúnaður skipulagður í einhvers konar samyrkju eða stefnir í samyrkju. Jafnframt hefur verið ríkjandi sú skoðun að „vanþróuð" þjóðfélög (þjóðfélög þar sem kapítalískir framleiðsluhættir hafa ekki rutt sér til rúms í verulegum mæli) geti hafið sósíalíska þróun eftir að kommúnistar hafa, samfara valdatöku sinni, framkvæmt svokallaða nýlýðræðisbyltingu.

Um afstöðu til þessa er, enn sem

komið er, ekki fullkomin eining í samtökum okkar. Ekki er þó um eðlismun í skoðunum að ræða, heldur stigsmun í afstöðu til tveggja ytri marka, sem einkenna má á eftirfarandi hátt: Annars vegar halda menn sig skilyrðislaust við þær forsendur fyrir sósíalísku samfélagi, sem nefndar voru hér að framan (skilyrði A og B í grein 4.2). Hins vegar er til sú afstaða sem lýst er í upphafi þessarar greinar og byggir á þeirri reynslu að á tímum heimsvaldastefnunnar hafa flestar þær byltingar sem gerðar hafa verið og kenna sig við sósíalisma eða kommúnisma átt sér stað í „vanþróuðum" samfélögum.

4.5 Stéttabarátta í sósíalísku samfélagi

„Stéttabaráttan er barátta um umframframleiðsluna" (L. Trotskí, sbr. T. Cliff: **State Capitalism in Russia**, bls. 280, Pluto Press 1974). Þetta er mikil einföldun en í staðhæfingunni felst þó sá sannleikur að barátta um umframframleiðsluna sé sá frumþáttur sem búi að baki stéttabaráttu í öllum hennar myndum og formum. Í þeim skilningi verður háð **stéttabarátta í sósíalísku samfélagi** þótt núverandi þjóðfélagsstéttir séu horfnar þar eð afurðum vinnunnar er dreift ójafnt eftir þeirri þjóðfélagslegu verkaskiptingu sem hið nýja stéttlausa samfélag hefur tekið í arf frá fyrri samfélagsgerð. Þessi „stéttabarátta" þarf ekki að vera ósættanleg, en **getur** verið það meðan stéttir og stéttaleifar eru til. Þannig er á hverju stigi hætta á að einhver hópur (t.d. menntamenn, embættismenn, flokksmenn eða aðrir álíka) noti sér aðstöðu sína til að tileinka sér umframframleiðsluna og endurskapa arðránsafstæður á grundvelli þess.

Í borgaralegu þjóðfélagi nútímans er ríkisvald auðstéttarinnar sérstakur, aðgreindur hluti stéttarvalds hennar. Sósíalísk bylting kollvarpar þessu ríkisvaldi og setur í þess stað ríkisvald öreigastéttarinnar. Vegna eðlis slíkrar byltingar (sbr. grein 4.1 hér að framan) getur öreigastéttin ekki beitt þessu ríkisvaldi á annan hátt en með eigin almannasamtökum (með fulltrúalýðræði). Ríkisvaldið er **kúgunarvald** gagnvart arðræningjum (framleiðslutækin verða tekin af



V.I. Lenín.

þeim með góðu eða illu) og það er jafnframt sjálfstjórn verkalýðsins en ekki stjórn **í nafni** öreigastéttarinnar.

4.6 Lýðræði og sósíalismi

Sá greinarmunur sem hér er gerður á sjálfstjórn verkalýðsins og stjórn í nafni hans er ákaflega mikilvægur.

Þetta tengist því mikilvæga atriði hvernig **lýðræði skuli háttað eftir valdatöku verkalýðsins** og vinnandi alþýðu. Nú er ljóst að form lýðræðis er háð stéttargerð þjóðfélagsins og ekki verður stokkið úr núverandi lýðræðiskerfi yfir í beint og milliliðalaust lýðræði kommúnismans. Vissulega má líta á lýðræðistilraunir í fjöldasamtökum eða verkalýðsflokki sem frumgerð að millistiginu þarna á milli (öðru nafni verkalýðslýðræði eða sósíalískt lýðræði). Með reynslu í þá átt og vitneskju um suma þætti sósíalismans staðhæfum við að sósíalískt lýðræði og stjórnarform verður um margt takmarkað; vegna verkaskiptingar, vegna misskiptingar á þekkingu, vegna efnahagslegra andstæðna, vegna andstæðna milli karla og kvenna o.fl. Lýðréttindi verða fyrir hendi, en hvorki þingræði í borgaralegum skilningi né alræði kommúnistaflokks á öllum sviðum. Og réttindum þeirra sem berjast fyrir afturhvarfi til fyrri samfélagshátta verða takmörk sett. Hið útópíska hreina lýðræði framtíðarinnar mun taka lýðréttindin upp og lýðræðisstigið milli þess og hins borgaralega lýðræðis mun gera það einnig og þá í samræmi við aðstæður og hagsmuni fjöldans.

Vangaveltur þessar um lýðræði í sósíalísku samfélagi eru langt frá því að vera nokkur lokaorð um þetta efni. Segja má að umræðan sé aðeins opnuð með ofansögðu.

4.7 Baráttan gegn ríkisvaldinu eftir valdatöku

Samkvæmt hefðbundinni skoðun kommúnista mun **ríkisvaldið í sósíalísku þjóðfélagi** byrja að „skrælna" þegar það hefur lokið hlutverki sínu sem kúgunarvald (þ.e. allir arðræningjar orðnir að fyrrverandi arðræningjum).

> **...umsjónarstörfin [verða] því einfaldari sem lengra líður og þar sem allir munu taka þátt í þeim til skiptis, verða menn þeim smátt og smátt svo vanir, að þau að síðustu falla burt sem sérstörf, er aðeins verða unnin af ákveðnum hópi manna.**
> (V. Lenin: **Ríki og bylting**, bls. 63, Heimkringla, Reykjavík 1970).

Veruleikinn verður væntanlega öllu flóknari en hér er lýst. Þróun sósíalísks þjóðfélags verður mótsagnafullt ferli þar sem skiptast á sigrar og ósigrar, framþróun og hnignun. Þetta á rætur sínar að rekja til þess að ný þjóðfélagsskipan sprettur ekki fram alsköpuð eftir valdatöku, heldur tekur hún í arf marga galla auðvaldsþjóðfélagsins, auk kosta þess. Stéttvísi og upplýsing alþýðufjöldans er mismunandi. Sumir hópar eru sér meðvitaðri um stéttarhlutverk sitt en aðrir, sumir dragast aðeins með. Það mun torvelda sjálfstæða starfsemi almannasamtaka að sumir hafa meiri þekkingu en aðrir; sumir hafa meiri frítíma en aðrir til að mennta sig og taka þátt í stjórnun; allt á það rætur sínar að rekja til þjóðfélagslegrar verkaskiptingar. Á hverju leiti er sú hætta fyrir hendi að almannasamtökin breytist í áhrifalausar kjaftasamkundur meðan öll völd safnast í hendur embættismanna, skriffinna og forstjóra.

Ríkisvaldið „skrælnar" í þeim skilningi að samfélagslegar forsendur þess hverfa. En vélræn verður sú þróun ekki. Eitt stærsta pólitíska verkefni kommúnista á tímabili sósíalismans er barátta gegn ríkisvaldinu. Þannig er flokkur þeirra ekki sjálfkrafa stjórnarflokkur, heldur verður hann á hverjum tíma að koma fram í

hreyfingu verkalýðsins sem einn hluti hennar; að veita leiðsögn með fulltingi fólksins og þá aðeins vegna þess að þjóðfélagsleg verkaskipting gerir flokkinn nauðsynlegan.

Kommúnistar verða að berjast meðvitað gegn sjálfstæðri tilveru ríkisins á tímabili sósíalismans, gegn einangrun þess frá alþýðu manna og hagsmunum og vilja fólksins. Taki flokkur kommúnista að stjórna einn í nafni fólksins verður að skipa málum þannig að fólkinu sé fær leið að setja hann af, ekki síður en spillta embættismenn.



Einkenni á verkfalli BSRB haustið 1984 var afar góð upplýsingamiðlun. Hún virðist þó hafa verið meira á annan veginn því fáir áttu von á því að samningar yrðu gerðir án nokkurrar kaupmáttartryggingar.

5. Skipulag og starf kommúnista

5.1 Félagasamtök í stéttskiptu þjóðfélagi

Í öllum félagasamtökum, einnig og ekki síður í þeim sem á einn eða annan hátt andæfa stéttarvaldi borgarastéttarinnar, eru endurframleiddar andstæður þjóðfélagsins. Fólk skiptist í stéttir og þjóðfélagsleg verkaskipting ríkir. Þannig eiga sumir auðveldara með að sinna félagsstörfum en aðrir vegna vinnu sinnar, menntunar og aðstöðu.

Nær öll félagasamtök í landinu falla í annan hvorn af tveimur hópum: Samtök þar sem um tíundi hluti félaga er að jafnaði virkur, annar svipaður hluti ef mikið liggur við og afgangurinn næstum eða alveg óvirkur, eða samtök sem blómstra um stund vegna starfs að ákveðnu málefni, en verða svo lítt virk eða lognast út af.

Grundvallarforsendur lýðræðislegs starfs félagasamtaka eru virk upplýsingamiðlun, vandaður málatilbúnaður (þ.m.t. virðing aðila fyrir skoðunum hvers annars) og almenn virkni. Vegna þess borgaralega félagskerfis sem menn hrærast í koma þeir ójafnir til leiks. Upplýsingamiðlun og félagslegt uppeldi félagsmanna eru oft vanrækt, mál eru afgreidd án nægilegrar umræðu o.s.frv. Upplýsingamiðlun verður gjarnan að einstefnumiðlun frá alviturri forystu með takmarkaðri eða engri endurgjöf frá fjöldanum.

5.2 Lýðræðislegt miðstjórnarvald

Samtök kommúnista lenda líkt og önnur samtök að einhverju marki í þeirri gildru borgaralegs félagskerfis sem lýst var hér að framan. Hugmyndin um lýðræðislegt miðstjórnarvald byggir þó annars vegar á að nota agnúana (þ.e. óhjákvæmilega skiptingu í forystu og fjölda, þekkingu fárra og vanþekkingu margra) í þágu auðmagnsandstöðunnar, og hins vegar að ráðast stöðugt og vísvitað gegn þessum agnúum.

Fáir einstaklingar verða virkir í félagasamtökum til langframa nema því aðeins að þeir beri fulla ábyrgð á

Umbótabaráttan er í augum kommúnista ekki aðeins barátta fyrir brauðinu heldur og kennslutæki í sósíalískum baráttuaðferðum.

verkum sínum. Miðstýring, sem ekki fylgir ítarleg valddreifing til almennra félagsmanna, gengur ávallt í berhögg við lýðræðislegar starfsaðferðir. Samþætting lýðræðis (valddreifingar) og miðstjórnar **í samræmi** við eðli og getu samtaka og ytri aðstæður er nauðsynleg.

Af framansögðu er ljóst að formúla fyrir skipulag kommúníska samtaka er ekki til. Njörvun starfshátta á vélrænan hátt í samræmi við óskilgreinda „leníníska flokkshugmynd" er ekki lengur viðtekin sannindi. Grundvallarsjónarmið samhentra og lýðræðislegra vinnubragða verður hins vegar að sveigja að aðstæðum og verkefnum hverju sinni.

5.3 Kommúnismi og umbótastefna

Í samtökum kommúnista felst kjarni sósíalískrar stéttarmeðvitundar verkalýðsins (byltingarhyggjan). Einmitt þess vegna lúta samtök og flokkar kommúnista lögmálum stéttabaráttunnar. Verkafólk verður ekki byltingarsinnað einvörðungu vegna sannfæringarkrafts kommúnista né heldur leiða hlutlægar aðstæður stéttabaráttunnar óhjákvæmilega til byltingarhyggju. Þar vinnur margt á móti, m.a. stéttarleg forysta umbótaflokkanna.

Kommúnistar taka þátt í umbóta- og réttindabaráttu verkalýðsins enda þurfa þeir að ná og halda tengslum við hann (m.a. í gegnum verkalýðsfélögin). Í umbótabaráttunni er markmið þeirra hins vegar **ekki einungis** að bæta lífskjörin, heldur og að nota hana sem kennslutæki í sósíalískum baráttuaðferðum og til að sannfæra fólk um eðli auðvaldsins. Þessi atriði krefjast þó meiri stefnumarkandi umræðu en hér fer fram þar sem samband umbótabaráttu og byltingarbaráttu (og þar af leiðandi samband kommúnistaflokka og umbótaflokka) er ekki jafn einfalt og virst gæti.

Byltingarhreyfing verkalýðsins vex ekki fram vegna fyrirfram tilbúins skilnings á hlutlægum aðstæðum, heldur leiða hlutlæg átök andstæðra afla þjóðfélagsins til byltingarmeðvitundar. Vaxandi byltingarmeðvitund skerpir hins vegar stéttaátökin. En skilyrði þessa er að kommúnistum takist að beina vaxandi pólitískri vitund verkalýðs fram hjá umbótahyggju verkalýðsflokkanna og gegn henni. Þannig taka kommúnistar ekki þátt í umbótabaráttunni til að ná forystunni í þeirri baráttu, heldur til að þróa hana fram til byltingarbaráttu.

Kommúnistar verða því að skipuleggja sig óháð umbótaflokkunum og koma fram sem slíkir. Það hindrar þó engan veginn tímabundið starf innan slíkra flokka ef aðstæður eru metnar svo. Formúlur í þeim efnum eru ekki fyrir hendi.

5.4 Hugmyndafræði og starf

Kommúnistasamtökin hafa í raun fallið frá hugmyndum um sig sem handhafa réttrar og lítt hagganlegrar hugmyndafræði. Þau telja samt sem áður hugmyndafræði og lifandi umræður vera hornstein kommúnísks starfs og kommúníska samtaka.

Hugmyndafræði er hins vegar þáttur í **vísindum** og þar með aldrei fullkomlega rétt. Hún er kerfi afstæðra staðreynda, ófullkominna kenninga og óþekktra atriða — vísindi í framþróun. Slík afstaða er í samræmi við skilning marxista á tengslum fræðikenningar og starfs, á þróun hugmynda og nauðsyn þess að aðstæður heima og erlendis hafi áhrif á notkun marxismans.

Kommúnistar leggja megináherslu nú og um næstu framtíð á hugmyndafræðilega útbreiðslustarfsemi sem miðar að því að fylkja byltingarsinnum um marxíska stefnu. Það getur ekki gerst með innri umræðum og skrifum einum. Áróður út á við og fræðsla eru verkefni kommúnista ásamt hvers kyns framsækinni baráttu. Án þeirrar lífæðar verður allt streð kommúnista gelt og magnvana og sósíalisminn óskhyggja ein.